

# FRAMFARIR

## Í 50 ÁR



MANNVIT

# Virkjunarrannsóknir til heiða á Austurlandi

Margar hugmyndir voru uppi um virkjun jökulanna norðan Vatnajökuls og þær fyrstu meira en hálfrar aldar gamlar þegar Kárahnjúkavirkjun varð ofan á. Íslenskir sérfræðingar unnu að rannsóknum á jarðfræði og vatnafræði á svæðinu áratugum saman, fyrst vegna virkjunar Bessastaðaár sem rennur úr Gilsárvötnum niður í Fljótsdal. Frá þeim áformum var síðan fallið og horft til annarra kosta sem ekki urðu heldur að veruleika allt þar til árið 2000 að ákveðið var að virkja Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal sameiginlega. Rannsóknir vegna allra fyrri kostanna nýttust samt að stórum hluta við undirbúning Kárahnjúkavirkjunar. Þær hófust 1975 á vegum Rafmagnsveitna ríkisins.

Unnið var að tveimur mismunandi útfærslum á Bessastaðárvirkjun og síðan tveimur mismunandi útfærslum á Fljótsdalsvirkjun fyrir daga Kárahnjúkavirkjunar. Upphaflega var gert ráð fyrir miðlunarlóni Bessastaðárvirkjunar í Gilsárvötnum og að vatni yrði veitt í jarðgöngum að stöðvarhúsi skammt innan við Valþjófsstað, á svipuðum slóðum og Fljótsdalsstöð er nú. Þetta var 1977. Ári síðar var hönnuninni breytt á þann veg að vatnið rynni í pípum í stað jarðganga að stöðvarhúsi við bæinn Hól í Fljótsdal.

Enn breyttist hönnunin og úr varð fyrri útfærsla Fljótsdalsvirkjunar 1982, með lóni á Eyjabökkum, skurði þaðan út Fljótsdalsheiði að miðlunarlóni við Gilsárvötn. Stöðvarhúsið var á svipuðum stað og Fljótsdalsstöð er nú.

Síðari útfærsla Fljótsdalsvirkjunar kom til sögunnar upp úr 1990 og þá var gert ráð fyrir að vatnið rynni í jarðgöngum út heidina. Stöðvarhúsið átti áfram að vera á svipuðum slóðum og Fljótsdalsstöð er nú.

## Boðið út og hætt við

Ólafur Sigurðsson, verkfræðingur hjá Mannviti, var meðal þeirra Hönnunarmanna sem unnu að báðum útfærslum Bessastaðárvirkjunar og að fyrri útfærslu Fljótsdalsvirkjunar. Hann hafði aðallega á sinni könnu að hanna og undirbúa Gilsárlón, veiturar á Fljótdalsheiði og veituskurðinn frá Eyjabökkum fram heidina að Gilsárlóni:

„Ég hætti fyrir austan áður en Fljótsdalsvirkjun var endurhönnuð og jarðgöng komu í stað skurðar fyrir aðrennslisvatn. Þannig var virkjunin hugsuð í stórum dráttum þegar fyrstu verkþættir hennar voru boðnir út og tilboð bárust frá verktökum. Ekkert varð hins vegar úr framkvæmdum þar sem hætt var við fyrirhugað álver Atlantsáls á Keilisnesi. Síðar kom Norsk Hydro til sögunnar sem hugsanlegur kaupandi raforku fyrir álver við Reyðarfjörð og miklar deilur hófust í þjóðfélaginu um lónið á Eyjabökkum. Hönnun virkjunarinnar var enn breytt, fallið frá Eyjabakkalóni en ákveðið að hanna núverandi Kárahnjúkavirkjun með Háslón sem



aðalvatnsmiðlun og gera jarðgöng þaðan að stöðvarhúsi inni í fjalli í Fljótsdal. Þegar hér var komið sögu var miðlun í Gilsárvötnum úr sögunni. Þessi útfærsla hönnunar kom til framkvæmda og Kárahnjúkavirkjun framleiðir nú orku fyrir álverið sem Alcoa-Fjarðaál á og rekur.“

## Vegur á bökkum skurðar sem ekki er til

Ólafur Sigurðsson undirbjó sem sagt virkjanir á Austurlandi í mörg ár en fór síðan suður til að vinna að Vatnsfellsvirkjun og Norðlingaölduveitu. Síðar sneri hann á ný á fornar slóðir eystra með því að hanna Hraunaveitur Kárahnjúkavirkjunar að hluta.

„Það varð ekkert úr þeim virkjunum á Austurlandi sem ég vann að á sínum tíma og ekkert hefur heldur orðið úr áformum um Norðlingaölduveitu. Ég reisti mér því ekki minnisvarða að því leyti! Hins vegar nýttist undirbúningsvinnan eystra þegar komið var að því að hrinda Kárahnjúkavirkjun í framkvæmd og ef grannt er skoðað má sjá þar glögg merki um fyrri hönnun og hugmyndir. Umhverfisráðherra sló að vísu af veitur á

Fljótsdalsheiði sem voru hluti Kárahnjúkavirkjunar en núverandi veitur á Hraunum eiga sér rætur í hönnun Fljótsdalsvirkjunar á sínum tíma. Núverandi stöðvarhús inni í fjalli í Fljótsdal og frárennisskurður Fljótsdalsstöðvar eru líka arfur frá hönnun Bessastaðaárvirkjunar og Fljótsdalsvirkjunar.

Svo má segja með sanni að Kárahnjúkavegur, frá Bessastaðaá og inn Fljótsdalsheiði, eigi rætur í fyrri hönnun. Sjálf lega vegarins á sér reyndar alveg sérstaka sögulega skírskotun ef að er gætt. Vegstæðið var nefnilega hannað á þeim tíma þegar gert var ráð fyrir opnum aðrennisskurðum Fljótsdalsvirkjunar á heiðinni. Vegurinn átti að þræða skurðbakkana og nýtast á framkvæmdatímanum. Skurðirnir hurfu úr hönnuninni en vegurinn ekki. Sumum finnst lega Kárahnjúkavegar undarleg á köflum og skýringin er sem sagt sú að hann er á bökkum skurðar sem ekki er til!“